VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 17. tbl. /06




*Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri setur fund samtaka vegamálastjóra og aðstoðarvegamálastjóra í Evrópu, CEDR, á Hótel Nordica 1. júní. Frá vinstri talið: Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri, Jón Rögnvaldsson og Michel Egger framkvæmdastjóri CEDR. Í baksýn má sjá túlka að störfum.*

## Fundur vegamálastjóra Evrópu haldinn á Íslandi

Um síðastliðin áramót tók Vegagerðin við forsæti til eins árs í samtökum vegamálastjóra/aðstoðarvegamálastjóra í Evrópu, CEDR (Conference of European Directors of Roads). Fyrri fundur vegamálastjóranna árið 2006 var haldinn í Reykjavík dagana 31. maí - 2. júní. Fyrsta daginn var undirbúningsfundur ráðgjafanefndar samtakanna sem í sitja forsetar síðustu tveggja ára ásamt núverandi og viðtakandi forsetum. Fimmtudaginn 1. júní var svo fundur allra vegamálastjóra þar sem farið var yfir ýmis mál í innra starfi samtakanna. Verkefni sem unnið er að voru kynnt og einnig var greint frá breytingum í starfsemi eða uppbyggingu vegagerða í nokkrum Evrópuríkjum og skipst á skoðunum um málefni sem snerta vegi og umferð. Föstudaginn 2. júní var svo farið í ferð um Suðurland þar sem fulltrúar fengu að kynnast íslenskum vegum, nýtingu jarðhita á Nesjavöllum og ýmsu fleiru. Um 30 manns tóku þátt í fundinum en auk þess voru 14 makar með í för. Auk Jóns Rögnvaldssonar vegamálastjóra tóku Gunnar Gunnarsson og Hreinn Haraldsson þátt í fundinum.

Samtökin CEDR, með núverandi sniði, voru formlega stofnuð árið 2003, en fyrirrennari þeirra, WERD/DERD, (Western European Road Directors/Deputy European Road Directors) voru stofnuð 1988. Hlutverk samtakanna er að auka og bæta samskipti Evrópuríkja á sviði vegasamgangna og flutninga á vegum með því að greiða fyrir flæði upplýsinga, reynslu og þekkingar á öllu því sem viðkemur vegum og því sem er þeim tengt, sérstaklega varðandi uppbyggingu og stjórnun vegakerfisins, umferð og flutninga, fjármögnun, lagaleg og fjárhagsleg atriði, umferðaröryggi, umhverfismál og rannsóknir á öllum þessum sviðum. Nú eru í samtökunum 24 Evrópuríki og aðsetur aðalskrifstofu er í París. *HrH*

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 17. tbl. 14. árg. nr. 438 6. júní 2006**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birtist fyrst í 16. tbl. en þar sem heildarmagntölur féllu niður er hún að nýju birt hér. Heildarmagntölur koma einnig fram í útboðsgögnum.

### Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnessýslu 2006 – 2009 06-059

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

- Skeiða- og Hrunamannavegur (30) frá Hringvegi (1) að Biskupstungnabraut (35) alls 56 km
- Skálholtsvegur (31) Skeiðavegur (30) að Biskupstungnabraut (35) alls 15 km
- Þjórsárdalsvegur (32) Skeiðavegur (30) að Búrfelli alls 24 km
- Biskupstungnabraut (35) Sólheimavegur (354) við Minni-Borg að Gullfossi alls 54 km
- Laugarvatnsvegur (37) Biskupstungnabraut (35) alls 37 km
- Sólheimavegur (354) að vestan, Biskupstungnabraut (35) að Sólheimum alls 9 km

Helstu magntölur (miðað við eitt ár) eru:

| | |
|---|---|
| Snjómokstur og hálkuvörn með vörubílum | 22.000 km |
| Akstur eftirlitsbíla | 20.000 km |

Verktími er frá 1. október 2006 til 30 apríl 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá mánudeginum 29. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn13. júní og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Þverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá 06-057

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu brúar á Gönguskarðsá á Þverárfjallsvegi (744) fyrir norðan Sauðárkrók. Brúin er 30 m löng eftirspennt bitabrú með 8,1 m breiðri akbraut.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Grjótvörn og síulag | 610 $m^3$ |
| Vegrið með handriði í brík | 30 m |
| Vegrið með handlista í akbraut | 30 m |
| Handrið | 32 m |
| Gröftur | 2.700 $m^3$ |
| Mótafletir | 1.580 $m^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 38.550 kg |
| Spennt járnalögn | 5.259 kg |
| Steypa | 531 $m^3$ |
| Festingar | 0,29 t |
| Legur | 4 stk. |

Niðurföll, þéttilistar og lagnir fyrir símastrengi

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 6. júní 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1), Ullarnesbrekka undirgöng 06-054

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Gerð stálbogaundirganga undir Hringveg (1) í Ullarnesbrekku í Mosfellsbæ, ásamt gerð göngustíga og tilheyrandi landmótun.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Lögn stálbogaganga | 31 m |
| Skeringar í laus jarðlög | 3.700 $m^3$ |
| Fyllingar og burðarlög | 2.500 $m^3$ |
| Malbik | 3.000 $m^2$ |
| Steyptur stoðveggur | 30 m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ | 58.817.000 | 172,5 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 34.100.000 | 100,0 | -24.717 |

Norræna vegtæknisambandið

### NVF Ráðstefna um aðgengismál fatlaðra

Þann 28. ágúst nk. verður haldin ráðstefna um aðgengismál á vegum NVF (Norræna vegtæknisambandsins). Einkum verður lögð áhersla á bætt aðgengi fatlaðra með tilliti til vega og gatna. Fyrirlesarar verða frá Íslandi og hinum Norðurlöndunum.

Eftirfarandi efni verða til umfjöllunar:

- Bætt aðgengi fatlaðra að byggingum og gatnakerfi Reykjavíkurborgar
- Sjónarmið fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands
- Aðgerðir til bætts aðgengis í Finnlandi, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð
- Bætt aðgengi í almenningssamgöngum í suður Svíþjóð
- Hönnun gatna og vega með tilliti til aðgengis
- Göturými í þéttbýli
- Kynning á aðgengisrýni og menntun aðgengisrýna í Danmörku

*F.h. NVF á Íslandi*
*Geir Pétursson*
*Reykjavíkurborg - Mannvirkjaskrifstofa*
*netfang: geir.petursson@reykjavik.is*




*Ósar Gönguskarðsár við Sauðárkrók. Sjá útboðsauglýsingu hér til hliðar.*




*Föstudaginn 26. maí hittust bæjastjórar Kópavogs og Garðabæjar, þeir Gunnar Birgisson og Gunnar Einarsson á nýrri göngubrú yfir Kópavogslæk og tóku þessa nýju göngleið formlega í notkun. Enn er eftir að ganga frá nokkrum verkþáttum en gönguleiðin er orðin vel fær og bætir samgöngur á milli þessara sveitarfélaga til mikilla muna.*



Stykkishólmur
58
54
Hellisandur
574
54
Ólafsvík
Grundarfjörður
574
54
570
56
54
Arnarstapi
517
Helgafellssveitarvegur
Mörk útboðs
200
54
Mörk útboðs
Snæfellsnesvegur
500
Grishólsá
Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð 3000 m. Möskvastærð 10x10 m.
Kortagerð: Vegagerðin, Marz 06. Bob.
Eldri vegur útjafnaður
Áningastaður
Tenging
Vegrið
Skurður




## Snæfellsnesvegur (54) um Grísholsá

Í 15. tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á endurbyggingu kafla Snæfellsnesvegar (54) um Grísholsá auk tengingar við Stykkishólmsveg (58) og Helgafellssveitarveg (517). Alls um 1,5 km. Í Grísholsá verður byggt 45 m langt stálbogaræsi með steyptum sökklum.

Eftir þessa framkvæmd verður Stykkishólmsvegur í beinu framhaldi af Snæfellsnesvegi að vestan en Snæfellsnesvegur í austur verður um T-gatnamót. Er þetta eðlilega lega gatnamótana miðað við stærstu umferðarstrauma.

Tilboð í verkið verða opnuð 6. júní en verkinu á að vera að fullu lokið 15. júlí.

## Melasveitarvegur (505), um Súlunes 06-019

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Endurbygging Melasveitavegar (505), sem er malarvegur, á 1,2 km kafla um Súlunes.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Fylling og fláafleygar | 6.000 | $m^3$ |
| Burðarlag | 3.000 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Kaldólfur ehf., Bæ, Bæjarsveit | 10.855.400 | 188,5 | 3.544 |
| 5 | Jörvi hf., Hvanneyri | 9.705.000 | 168,5 | 2.394 |
| 4 | Þróttur ehf., Akranesi | 7.839.000 | 136,1 | 528 |
| 3 | Sigurður Arilíusson, Borgarnesi | 7.759.000 | 134,8 | 448 |
| 2 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 7.375.000 | 128,1 | 64 |
| 1 | Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga | 7.311.300 | 127,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 5.758.000 | 100,0 | -1.553 |

## Vetrarþjónusta, Brú – Blönduós 2006-2009 06-037

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni:
Hringvegur (1) á leiðinni Brú – Blönduós.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

| | | |
|---|---|---|
| Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn | 37.500 | km |
| Akstur eftirlitsbíla | 20.000 | km |

Verktími er frá 1. október 2006 til og með 30. apríl 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Víðimelsbræður ehf., Sauðárkróki | 23.700.000 | 175,6 | 7.478 |
| 4 | Arnar og Eyjólfur, Stað | 22.575.000 | 167,2 | 6.353 |
| 3 | Vegamenn ehf., Reykjavík | 18.693.000 | 138,5 | 2.471 |
| 2 | HH flutningar, Reykjavík | 17.875.125 | 132,4 | 1.653 |
| 1 | Stefán Grétarsson, Hvammstanga | 16.222.500 | 120,2 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 13.500.000 | 100,0 | -2.723 |

## Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind vegamót 06-051

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Gerð stefnugreindra gatnamóta á mótum Hringvegar (1) og Hafravatnsvegur (431).

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skeringar í laus jarðlög | 200 | $m^3$ |
| Fylling og burðarlög | 7.400 | $m^3$ |
| Fláfleygar | 5.100 | $m^3$ |
| Kantsteinn | 700 | m |
| Hellulögn | 250 | $m^2$ |
| Malbik | 8.900 | $m^2$ |
| Tvöföld klæðing | 67 | $m^2$ |

Frágangi akbrauta og axla ásamt merkingum skal lokið og truflanalaus umferð komin á 20. júlí 2006.
Verki skal síðan að fullu lokið 24. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ | 103.289.300 | 344,3 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 30.000.000 | 100,0 | -73.289 |

## Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabotna 04-072

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Gerð malarvegar frá Stafnesi að malbikuðum kafla, lengd 3,3 km, og frá malbikaða kaflanum um Ósabotna að Hafnavegi, lengd 2,3 km. Alls er um 5,6 km vegagerð að ræða.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskering | 4.600 | $m^3$ |
| Fylling og burðarlag | 30.300 | $m^3$ |
| Fláfleygar | 3.500 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 1. október 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Ellert Skúlason ehf., Njarðvík | 55.084.000 | 172,1 | 24.134 |
| 4 | Klæðning ehf., Kópavogi | 45.000.000 | 140,6 | 14.050 |
| 3 | Burkney ehf., Mosfellsbæ | 36.566.000 | 114,3 | 5.616 |
| 2 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 36.182.558 | 113,1 | 5.233 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 32.000.000 | 100,0 | 1.050 |
| 1 | Afrek ehf., Reykjavík | 30.950.000 | 96,7 | 0 |

## Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun 06-050

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Verkhönnun vegna breikkunar hluta Nýbýlavegar, úr þremur akreinum í fjórar auk hönnunar tveggja hringtorga á Nýbýlavegi ásamt þrennum undirgöngum og tilheyrandi göngustígum.
Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnimats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.
Verkhönnun skal lokið fyrir 30. nóvember 2006.
Síðari opnunarfundur verður haldinn að Borgartúni 7 í Reykjavík þriðjudaginn 6. júní 2006 kl. 14:15 þar sem birtar verða einkunnir bjóðenda úr hæfnimati og verðtilboð opnuð.

**Bjóðendur í stafrófsröð**

VST hf., Reykjavík
Hnit hf., Reykjavík
Hönnun hf., verkfræðistofa, Reykjavík

## Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur – Sauðárkrókur, 1. áfangi 06-016

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Lögn vegar á 12,3 km löngum kafla á Þverárfjallsvegi frá Hestgili sunnan vegamóta við Skagaveg (745) um Laxárdalsheiði og Gönguskörð að Sauðárkróki. Innifalið í verkinu er m.a. lögn á 67 m löngum stálplötuhólki með steyptum endastykkjum í Kallá og gerð hringtorgs á mótum Þverárfjallsvegar og Skarðseyrar á Sauðárkróki.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Fyllingar og fláafleygar | 260.000 | $m^3$ |
| Skeringar | 331.000 | $m^3$ |
| Bergskeringar | 4.000 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 72.000 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 22.000 | $m^3$ |
| Ræsalögn | 950 | m |
| Stálplöturæsi | 67 | m |
| Klæðing | 90.400 | $m^2$ |
| Stungumalbik | 2.500 | $m^2$ |
| Frágangur fláa og svæða við hlið vegar | 275.000 | $m^2$ |
| Vegrið | 2.800 | m |
| Kantsteinn | 620 | m |
| Hellulögn | 360 | $m^2$ |
| Regnvatnslögn | 120 | m |
| Rofvörn, sía og grjótvörn | 6.200 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Háfell ehf., Reykjavík | 411.823.000 | 117,2 | 136.798 |
| 4 | Burkney ehf., Mosfellsbæ | 358.333.400 | 102,0 | 83.308 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 351.243.000 | 100,0 | 76.218 |
| 3 | Klæðning ehf., Kópavogi | 340.000.000 | 96,8 | 64.975 |
| 2 | KNH ehf., Ísafirði | 288.899.623 | 82,3 | 13.875 |
| 1 | Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki | 275.025.000 | 78,3 | 0 |

## Vetrarþjónusta, Þingeyri – Flateyri – Suðureyri, 2006-2009 06-040

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

1. Vestfjarðavegur (60) frá Þingeyri að jarðgöngum í Breiðadal
2. Flateyrarvegur (64)
3. Súgandafjarðarvegur (65)
4. Svalvogavegur (622)
5. Ingjaldssandsvegur (624) að Alviðru
6. Önundarfjarðarvegur (627)
7. Valþjófsdalsvegur (625)
8. Nokkrar heimreiðar að bæjum í Önundarfirði

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

| | | |
|---|---|---|
| Snjómokstur með vörubifreiðum | 32.000 | km |
| Snjómokstur með vinnuvélum | 480 | klst. |
| Akstur eftirlitsbíla | 12.000 | km |

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Jón Reynir ehf., Þingeyri | 21.995.000 | 106,4 | 5.031 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 20.673.290 | 100,0 | 3.709 |
| 3 | KNH ehf., Ísafirði | 18.646.000 | 90,2 | 1.682 |
| 2 | Úlfar ehf., Flateyri | 16.993.620 | 82,2 | 30 |
| 1 | Græðir sf., Önundarfirði | 16.964.000 | 82,1 | 0 |

## Veigastaðavegur (828), Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri 05-046

Tilboð opnuð 30. maí 2006. Endurbygging Veigastaðavegar (828) og Leifsstaðavegar (8210). Um er að ræða endurbyggingu, 3,6 km á Veigastaðavegi og 0,3 km á Leifsstaðavegi, ásamt klæðingu í báðum tilvikum.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskering | 2.400 | $m^3$ |
| Fylling | 20.500 | $m^3$ |
| Fláafleygar | 13.900 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 21.100 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 6.800 | $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 27.800 | $m^2$ |
| Ræsalögn | 310 | m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Fjörður ehf., Varmahlíð | 90.472.000 | 151,9 | 36.545 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 59.561.000 | 100,0 | 5.634 |
| 2 | Icefox ehf., Höfn | 53.948.000 | 90,6 | 21 |
| 1 | Ístrukkur ehf., Kópaskeri | 53.927.425 | 90,5 | 0 |

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|---|
| 06-060 | Kjalvegur 2006 | 06 |
| 06-048 | Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði | 06 |
| 06-031 | Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata | 06 |
| 06-030 | Útnesvegur (574), Háahraun - Hella | 06 |
| 06-029 | Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur | 06 |
| 06-027 | Snæfellsnesvegur (54) um Hítará | 06 |
| 06-028 | Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur | 06 |
| 06-026 | Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir | 06 |
| 06-024 | Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná | 06 |
| 06-025 | Hólavegur (767), Hólar - Hólalax | 06 |
| 06-023 | Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733) | 06 |
| 06-022 | Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls | 06 |
| 06-033 | Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti | 06 |
| 06-020 | Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721) | 06 |
| 06-017 | Hringvegur (1) um Hrútafjarðarbotn | 06 |
| 06-018 | Víðidalsvegur (715), Hrappstaðavegur - Dæli | 06 |
| 06-015 | Ferjubakkavegur (530) um Gufá | 06 |
| 06-011 | Vetrarþjónusta Norðaustursvæði | 06 |
| 06-010 | Mölburður og styrkingar Norðaustursvæði | 06 |
| 06-004 | Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið | 06 |
| 06-005 | Hringvegur (1) um Vatnsdalsá | 06 |
| 06-006 | Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 06 |
| 06-007 | Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 06 |
| 05-047 | Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2 | 06 |
| 05-038 | Garðskagavegur (45) um Sandgerði | 06 |

| Auglýst útboð | | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|---|
| 06-057 | Þverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá | 06.06.06 | 27.06.06 |
| 06-059 | Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnessýslu, 2006-2009 | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-061 | Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-032 | Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hringvegur (1) í Leirársveit | 29.05.06 | 13.06.06 |
| 06-056 | Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-055 | Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2006-2009 | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-034 | Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-014 | Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá | 22.05.06 | 06.06.06 |
| 06-003 | Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá | 22.05.06 | 06.06.06 |

| Útboð á samningaborði | | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|---|
| 06-054 | Hringvegur (1), Ullarnesbrekka, undirgöng | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 04-072 | Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabotna | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 05-046 | Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-050 | Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-051 | Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind gatnamót | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-019 | Melasveitarvegur (505) um Súlunes | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-016 | Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur, 1. áfangi | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-037 | Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009 | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-040 | Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009 | 15.05.06 | 30.05.06 |
| 06-053 | Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, „repave“ | 08.05.06 | 23.05.06 |
| 06-052 | Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, malbik | 08.05.06 | 23.05.06 |
| 06-044 | Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009 | 10.04.06 | 02.05.06 |
| 06-047 | Yfirlagnir Norðaustursvæði 2006, norðurhluti | 24.04.06 | 09.05.06 |
| 06-043 | Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009 | 10.04.06 | 02.05.06 |
| 04-006 | Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði | 20.03.06 | 25.04.06 |
| 05-064 | Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit | 20.02.06 | 07.03.06 |

| Samningum lokið | | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|---|
| 06-049 | Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271) *Eining sf.* | 09.05.06 | 23.05.06 |
| 06-008 | Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006 *Myllan ehf.* | 18.04.06 | 23.05.06 |

| Öllum tilboðum hafnað | | Opnað: |
|---|---|---|
| 06-013 | Hvanneyrarvegur (511), hringtorg | 03.04.06 |

